

S A M Þ Y K K T**um bann við veiði göngusilungs við Vesturós Héraðsvatna.****1. gr.**

Bönnuð er netjaveiði göngusilungs í sjó fyrir Vesturósi Héraðsvatna á timabilinu frá 1. júní til 31. ágúst á svæði, er afmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin í beinu framhaldi rétt norður af landamerkjum Sjávarborgar og Sauðárkróksbæjar á Borgarsandi, 700 metra í sjó fram út frá stórstraumsfjöruborði, og frá norðurenda þeirrar línu í Hegranses 700 metrum norðan við Héraðsvatnaós, miðað við stórstraumsfjöruborð. Bann þetta tekur til hvers konar netja og veiðivéla, sem göngusilungur getur veiðst í.

2. gr.

Ráðherra veitir undanþágu til eins árs í senn frá veiðibanni því, sem sett er samkvæmt 1. gr., til dráttar fyrir síld og loðnu til beitu samkvæmt reglum, er hann setur þar um, enda liggja fyrir skrifleg umsókn um slíka undanþágu.

3. gr.

Samþykkt þessi, sem er gerð af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu samkvæmt heimild í lögum nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1965.

Ingólfur Jónsson.

Jón L. Arnalds.

10. febrúar 1965.

Nr. 24.

S A M Þ Y K K T**um forkaupsrétt Siglufjarðar á lóðum og fasteignum, sem að sjó liggja í Siglufirði.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum og fleiru, samþykkti bæjarráð eftirfarandi:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum útgerðarstöðvum með lóðarréttindum, frá og með Hvanneyrarbakka að norðan og suður að lóðum Hafnarsjóðs Siglufjarðar í Innri-höfn, en það er eftirtaldar útgerðarstöðvar og lóðarréttindi:

Hvanneyrarbakki, eign Vigfúsar Friðjónssonar.

Hvanneyrarbrókur III, eign Skeljungs hf.

Ránargata 2, Kambsreitir, eign Oliuverzlunar Íslands hf.

Lóðir, bryggjur og mannvirki Síldarverksmiðja ríkisins, austan Vetrarbrautar. Hraðfrystihús og lóðarréttindi hf. Hrimnir (Þormóðsreitir).

Síldarstöð og lóðarréttindi Samv.fél. Jarlinn (Þormóðsreitir).

Síldarstöð og lóðarréttindi dætra Óskars Halldórssonar (Ásgeirsreitir).

Síldarstöð og lóðarréttindi O. Henriksen (Hinriksreitir).

Síldarstöð og lóðarréttindi Sigf. Baldvinssonar (Búðarreitur).

Síldarstöð og lóðarréttindi Ólafs Ragnars (Ragnarsreitir).

Síldarstöð og lóðarréttindi hf. Hafliði (Hafliðareitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi d.b. Halldórs Jónassonar (Halldórsreitur).
 Hús og lóðarréttindi Edwins Jakobsen (Hafliði Helgason v/Gránugötu).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Kaupfélags Siglfirðinga (Kveldúlfreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Silfurborg hf. (Hjaltalinsreitur).
 Hraðfrystihús Sameignarfélagssins Ísafold (Friðleifsreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi sf. Ísafold (Friðleifsreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Reykjanes hf. (Helgareitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi hf. Sunnu (Ólagata 1, 2 og 3, og 4 að hluta) (Álækjarreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Óskarssild hf. (Ólagötu 1, 2 og 3 að hluta) (Álækjarreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi hf. Sunnu (Ólagata 4).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Þórodds Guðmundssonar (Ólagata 5).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Skafta Stefánssonar (Snorragata 7).
 Síldarstöð og lóðarréttindi hf. Njörður (Snorragata 9).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Síldarsöltun Ísfirðinga (Snorragata 11 og 13).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Ásgeirs Péturssonar hf., ásamt fiskimjölsverksmiðju og hraðfrystihúsi með lóðarréttindum.

Enn fremur áskilur Siglufjarðarkaupstaður sér forkaupsrétt að allri strandlengjunnni austan fjarðarins, frá Álfhól út að Siglunesskriðum 150 m frá fjöruborði til fjalls, miðað við stórstraumsflóð.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og gildir í 5 ár frá og með deginum í dag að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. febrúar 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 25.

10. febrúar 1965.

AUGLÝSING

um umferð í Sandgerði.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Miðneshrepps hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Sandgerði samkvæmt heimild í 65. grein umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958.

1. Einstefnuakstur.

Ákveðinn hefur verið einstefnuakstur um Túngötu frá suðri til norðurs frá Suðurgötu að Austurgötu. Ökutæki skal stöðva eða leggja hægra megin á nefndri götu.

2. Aðalbrautir.

Ákveðinn hefur verið aðalbrautarréttur á Heiðarvegi (Keflavíkurvegi) og Strandgötu að hafnargarði.

Athygli skal vakin á því, að vegir sem liggja að aðalbraut eru við vegamót merktir biðskylda eða stöðvunarkerki.

Sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, 10. febrúar 1965.

Björn Sveinbjörnsson, settur.